

Skólanefndarfundur haldinn í FSH 20.09.2017

Mættir eru skólanefndarmennirnir Ingibjörg Sigurjónsdóttir varamaður formanns, Hjálmar bogi Hafliðason, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir og Helena Eydís Ingólfssdóttir. Arna Ásgeirsdóttir fulltrúi foreldra, Ruth Þórarinsdóttir fulltrúi nemenda, Valdimar Stefánsson fulltrúi kennara, Herdís Sigurðardóttir skólameistari og Halldór Jón Gíslason aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð.

Dagskrá

1. **Rekstur Skólans.**
2. **Nemendatölur.**
3. **Önnur mál.**

Fundur settur.

1. **Rekstur.** Herdís fer yfir **rekstur skólans**. Yfir í ferðum, funda, rekstrarvörum og húsaleigu. Langt undir í sértekjum. Skuldum 2.3 milljónir til ríkissjóðs sem kemur í veg fyrir að skólinn fái rekstrarfé. Handbært fé 817 þúsund og þörfin um 1.2 milljónir á mánuði. Framhaldsskólinn fær um 175 milljónir á fjárlögum næsta árs. Framleiðsla nemendaeininga góð í fyrra, umfram áætlun. Árið 2018 er áætlað að framleiða 87 nemendaígildi. Reyndin verður ekki nema um 80. Því verður skerðing næst.
 - a. Rætt hvað gerðist ef að skólinn safnaði þessum fjármunum til að greiða upp skuld við ríkissjóð. Hvort að skólinn gæti þá fengið rekstrarfé. Skólanefnd vill setja af stað söfnun í bæjarfélaginu þar sem leitast er við að gera skólan skuldlausan við ríkissjóð.
 - b. Ákveðið að kanna hvort að þetta sé hægt.
2. **Nemendafjöldi.** Fjöldi nemenda eftir töflubreytingar 98. Ársnemendur eftir töflubreytingar 77.43. Karlar 43, konur 55. Skiptast þannig eftir brautum;
 - Félags- og hugvísindabraut=26
 - Náttúruvísindabraut=33
 - Opin stúdentsbraut=7
 - Aalmenn braut=6
 - Ótilgreind braut= 13
 - Starfsbraut=6
 - Grunnskólanemar=7Á síðustu önn voru 109 nemendur, ársnemendur eftir töflubreytingar voru 79,1. Herdís sýndi graf yfir þróun ársnema í byrjun annar og lok annar. 67% heimtur af nemendum úr Borgarhólsskóla. Farið yfir breyttar reglur vegna brotthvarfs innan FSH. Meðaleinkun á vorönn 2017 var 7,1.
3. **Önnur Mál.**
 - a. Herdís þakkar skólanefnd stuðninginn á síðustu og verstu. Auk stuðnings vegna afmælishátíðar.
 - b. Ekkert að fréttu af samningamálum við Laugar og Þekkingarnetið. Óformlegt spjall átt sér stað. Hugmyndir um að nýta tónlistanáam sem val fyrir nemendur ræddar. Píramus og Þispa. Skoða námsframboðið.
 - c. 11. október fundur vegna norðaustursamstarfsins.
 - d. Heimsókn í Menntaskólann á Tröllaskaga, kynning á leiðsagnamati þeirra.

- e. Mótun verkferla við móttöku grunnskólanema sem vilja leggja stund á einstaka áfanga.
- f. Haustlitaferð og framkvæmd hennar.
- g. Verið að finna tíma fyrir skólakynningu FSH í október.
- h. Ruth segir frá því að nemendafélagið hafi fengið boð í heimsókn á Sauðárkrók. Dræm þátttaka í nýnemaferð og á nýnemakvöldi. Þarf kannski að skoða hvernig tekið er á móti nýnemum skólans. Hvernig virkjum við nýnemana okkar.
- i. Samstarf skóla á Norðurlandi. Hjálmar vill fá að ræða hvernig þessum samstarfi verði háttað, Hver verði niðurstaðan, ekki endalaust hægt að halda boltanum á lofti. Ingibjörg sammála.
- j. Sameiginlegir fundir skólanefnda hjá FSH og Laugum, rætt að það verði sameiginleg skólanefnd fyrir báða þessa skóla.

Fundi slitið.